



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Breiðholt 1

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðholts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2020.

Synjað er um að breyta deiliskipulagi með vísun til niðurstöðu í umsögn skipulagsfulltrúa dag. 25. mars 2020.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins fagnar því að hlustað hafi verið á rök íbúa og íbúaráðs Breiðholts varðandi fyrirhugaða færslu á grendarsvæði við Arnarbakka að horni á Leirubakka og Arnarbakka. Í umsögn íbúaráðsins kemur fram að tillagan hafi verið illa unnin og í henni hafi verið rangar upplýsingar varðandi staðhætti og þær breytingar á deiliskipulagi sem var fyrirhugað. Ljóst er að íbúar borgarinnar sem búa og/eða starfa á þeim svæðum sem til stendur að breyta hafa oft á tíðum lög að mæla. Því er það fagnaðarefni að tekið sé tillit til þeirra raka sem íbúar borgarinnar leggja fram, eins og í þessu tilfelli. Ánægjulegt verður að sjá hvort framhald verði á.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020, innkomnar athugasemdir/umsagnir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2020.

BREIÐHOLT 1, staðgreinir 4633

Breyting á deiliskipulagi vegna staðsetningu grenndargáma við Leirubakka




NÚGILDANDI DEILISKIPULAG

mvk. 1:1000

Í gildi er deiliskipulag fyrir Breiðholt 1, neðra Breiðholt sem samþykkt var 26.01.1966

EFTIRFARANDI BREYTINGAR VORU GERÐAR Á DEILISKIPULAGINU:

- Lambastekkur 5-11, samþykkt í skipulags- og samgönguráði 26.06.2019
- Skríðustekkur 1-7, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21.06.2019
- Skríðustekkur 17-23, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 01.06.2018
- Fálkabakki 1, Fálkaborg. Samþykkt í Borgarráði 16.11.2017 og á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12.01.2018
- Skríðustekkur 17-23, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15.04.2016
- Skríðustekkur 23, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11.12.2009
- Arnarbakki 1-3, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18.04.2008
- Víkurbakki 30, samþykkt í Skipulagsráði 01.03.2006
- Breiðholtsskóli, samþykkt í Skipulagsráði 25.05.2005 og í Borgarráði 02.06.2005
- Leirubakki 34-36, samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 06.11.2002 og í Borgarráði 12.11.2002
- Suðurfell 4, samþykkt í skipulagsnefnd 23.08.1993 og í Borgarráði 24.08.1993
- Mariubakki 1, samþykkt í skipulagsnefnd 25.05.1992 og í Borgarráði 26.05.1992
- Víkurbakki 12-20, samþykkt í skipulagsnefnd 06.07.1987 og í Borgarráði 07.07.1987




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

mvk. 1:1000


Gert er ráð fyrir að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núv. snúningshaus við Leirubakka. Yfirborðið verður hellulagt og svæðið afmarkað með skjólgirðingu.

Einnig er gert ráð fyrir að framlengja gangstétt við núv bílastæði að grenndarstöðinni.


Grenndarstöðvar eru afmarkaðir staðir þar sem einstaklingar geta sett flokkaðan úrgang í viðeigandi gáma. Markmið stöðvanna er að auka flokkun úrgangs og draga úr urðum og stuðla að ábyrgari meðhöndlun úrgangs. Á grenndarstöðunum eiga að vera gámar fyrir pappír, plast, gler og dósir og/eða föt til góðgerðamála. Einnig verður upplýsingaskilti við stöðina og á því ílát kassi sem setja má í notaðar rafhlöður.



FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR



SKJÓLGIRIÐING



SKILTÍ



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-30



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010

var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____20__ með athugasemdafresti til _____20__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

_____20__

Skipulagsfulltrúi

Dags. 06.01.2020

hornsteinar
arkitektar ehf

vinnustofa íngólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011

netfang: hornsteinar@hornsteinar.is

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Umsagnir frá íbúaráði Breiðholts um tillögu
að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1***

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 2. mars 2020 voru lagðar fram umsagnir frá fulltrúum í íbúaráði Breiðholts um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1, sbr. 6. lið fundargerðar sama dag. Í breytingunni felst að færa núverandi grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka.

Fulltrúi foreldrafélaga, fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi slembivalinna í íbúaráði Breiðholts lögðu fram sameiginlega umsögn.

Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúi Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts lögðu fram sameiginlega umsögn.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

Hjálagt:

Sameiginleg umsögn fulltrúa foreldrafélaga, fulltrúa íbúasamtaka og fulltrúa slembivalinna í íbúaráði Breiðholts.
Sameiginleg umsögn fulltrúa Samfylkingar, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts

Reykjavík 2. mars 2020

Undirritaðir fulltrúar í íbúaráði Breiðholts, fulltrúi foreldrafélaga, fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi slembivalinna leggja fram svohljóðandi umsögn vegna tillögu um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1 sem felur í sér færslu grenndargáma frá Arnarbakka á Leirubakkann:

Núverandi staðsetning er mun betri en ný staðsetning.

Það er alveg sama hvað þættir eru skoðaðir þá er allt betra á núverandi stað

- a. aðgengi er betra, bæði fyrir íbúa og umhirðuaðila
- b. öryggi hjólandi sem og gangandi er mun meira.
- c. öryggi og aðgengi akandi er betra.
- d. breytt staðsetning þýðir lengra aðgengi fyrir ákveðna hluta neðra Breiðholtsins

Þessi deiliskipulagabreyting er ekkert að gera fyrir íbúana né hverfið.

Megintilgangur deiliskipulagsins er líka væntanlega að rýma fyrir úthlutun lóða milli

Breiðholtsbrautar og Arnarbakkans en það mun skýrast þegar deiliskipulag fyrir Breiðholtið verður auglýst síðar á árinu.

Við leggjum til að núverandi staður verði notaður áfram en aðgengi þar bætt fyrir umhirðuaðila auk þess sem að svæðið verði girt betur af.

Með kveðju,


Ólafur Gylfason, fulltrúi foreldrafélaga
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, fulltrúi íbúasamtaka.
Guðrún Þórdís Axelsdóttir, fulltrúi slembivalinna.

Reykjavík 2. mars 2020

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts vilja koma eftirfarandi ábendingum til skipulagsyfirvalda varðandi breytingatillögu deiliskipulagi sem liggur fyrir í umsagnarferli 12.1.2020 - 12.3.2020 vegna staðsetningu grenndargáma við Leirubakka:


Fulltrúarnir telja mikilvægt að koma á betri upplýsingagjöf til íbúa þegar um breytingar sambærilegar þessari eru í bígerð. Mikilvægt er að rétt gögn liggi til grundvallar eins og myndir, uppdrættir og faglegur rökstuðningur fyrir þeim breytingum sem verið er að kynna þannig að nærliggjandi íbúar geti treyst því að vandað sé til verka og þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir séu samþykktir breytingum eða ekki.

Í kynningarefni sem notað er með þessari breytingatillögu eru uppdrættir rangir. Undirgöng fyrir gangandi undir Breiðholtsbraut eru á röngum stað og enginn faglegur rökstuðningur fyrir breytingunni er lagður til grundvallar í tillögunni. Þannig er erfitt fyrir aðila máls, íbúa sem breytingin hefur umtalsverð áhrif á, bæði sjónræn og notagildi þeirra, að taka upplýsta ákvörðun.



Mynd sem notuð er í kynningarefni fyrir breytingatillögunni sem sýnir ranga afstöðumynd af undirgöngum og þar af leiðandi göngustígs tengingum.

Á neðangreindri mynd, sem tekin er af ja.is, sést hvernig göngustígar liggja í kringum grenndarsvæðið verði það samþykkt. Myndin sýnir einnig hvar undirgöngin undir Breiðholtsbraut liggja en mikið af börnum fara um undirgöngin í þróttastarf. Þar sést líka að gert er ráð fyrir að losunarbílar sem og íbúar sem koma akandi þurfa að keyra inn innkeyrslu þeirra íbúa sem búa í Leirubakka.



Að þessu sögðu telja fulltrúarnir mikilvægt að tryggja öryggi gangandi og hjólandi í kringum losunarstaðin þar sem losunarsvæðið getur birgt sýn ökumanna á gangandi og hjólandi vegfarendur sem eiga leið niður upp og niður Arnarbakkann, sem eiga leið undir Breiðholtsbrautina og þeirra sem koma fótgangandi að grenndargámunum. Jafnframt vilja fulltrúarnir:

- Að tryggt sé að umhverfið í kringum gámana sé snyrtilegt, að íbúar þurfi ekki að horfa á gámana heldur verði byggt í kringum þá eins og vísir er að í þvers sniðsmynd sem fylgir breytingatillögunni.
- Að hugað verði að lýsingu verði tillagan samþykkt.
- Allt verði reynt til að koma í veg fyrir að rusl fjúki út í kringum grenndarsvæðið og næsta nágrenni.
- Að aðgengi losunastaðar verði gert í sátt og samráði við þá aðila sem deila innkeyrslu að losunarstaðnum í gegnum Leirubakka en skv. teikningum liggur hún inn í gegnum innkeyrslu bílastæða.
- Að tekið verði tillit til ítrekaðra frárennslisvandamála í leysingum og rigningum vegna legu og götuhalla þannig að bílastæðin og grenndarlosunar staðurinn fyllist ekki af vatni í leysingum.
- Að færð verði fagleg rök fyrir færslunni á grenndargámunum, enda sé erfitt að taka upplýsta ákvörðun um hana sem stendur.

Virðingarfyllt,

Sara Björg Sigurðardóttir, fulltrúi Samfylkingar.

Geir Finnsson, fulltrúi Viðreisnar.

Jórunn Pála Jónasdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks.



Reykjavík 25. mars 2020

Varðar: Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppd. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020.

Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðholts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka.

Niðurstaða

Í ljósi þeirra athugasemda sem komu fram við auglýstri tillögu þá er lagt til að skipulagstillagan um færslu á núverandi grenndarstöð verði felld niður. Jafnframt er lagt til að festa núverandi grenndarstöð í sessi í Hverfisskipulagi sem er í vinnslu, tryggja og bæta öruggar gönguleiðir að grenndarstöðinni og fella niður stærði fyrir stóra bíla sem er í dag. Liggur fyrir að tillaga að Hverfisskipulagi fyrir Neðra Breiðholt verður auglýst á næstu mánuðum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson**